

Haraldur Ólafsson  
Nicolai Jónasson  
Sigrún Karlsdóttir

## Háuplausnarreikningar til almennrar spágerðar (HRAS)

Lokaskýrsla

# Háupplausnarreikningar til almennrar spágerðar (HRAS)

## Lokaskýrsla

### 1. Inngangur

HRAS (Háupplausnarreikningar til almennrar spágerðar) er rannsókn- og þróunarverkefni sem miðar að hönnun verkfæra til að reikna veðurspár í rauntíma í neti með litlum möskvum. Undanfari verkefnisins eru margháttaðar tilraunir sem gerðar hafa verið á undanförunum árum í ranni Reiknistofu í veðurfræði og svokölluðum háskólahópi á Veðurstofunni. Framkvæmdir höfðu verið ýmis konar reikningar á misraunverulegum straumi lofts yfir misraunverulegt landslag, mest með reiknilíkaninu MM5, en einnig öðrum reiknilíkönunum, m.a. frá Frönsku veðurstofunni.

Þann 9. september 2003 sömdu Veðurstofan, Vegagerðin, Flugmálastjórn og Siglingastofnun um rannsóknaverkefni á veðurspám byggðar á reiknilíkani með þéttum möskvum. Verkefnið fékk nafnið HRAS og var að mestu unnið af Reiknistofu í veðurfræði, m.a. samkvæmt samningi við Veðurstofuna frá 18. febrúar 2004.

Hér fer lokaskýrsla HRAS verkefnisins eins og samið var um 9. september 2003. Umsjón með verkinu hafði 3 manna stýrihópur sem í voru Haraldur Ólafsson frá Háskóla Íslands og Veðurstofunni, Nicolai Jónasson frá Vegagerðinni og Sigrún Karlsdóttir Veðurstofunni. Haraldur fór fyrir hópnum og Nicolai var tengiliður við Flugmálastjórn og Siglingastofnun. Skýrsla þessi er byggð upp með þeim hætti að farið er nokkrum orðum um framvindu verksins og drepíð á nokkrum helstu niðurstöðum, en annars tala útgefin rit, veggspjöld og skjöl frá erindum sínu máli. Kemur þar m.a. fram hverjir hafa tekið þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti. Í texta þeim sem hér fer á eftir er sá háttur hafður á að vísa með tölum í rit sem upp eru talin í töflu 1. Helstu rit, veggspjöld og erindi sem tengjast HRASinu fylgja skýrslu þessari á geisladiski.

### 2. Daglegir reikningar fyrir veðurspár

Reiknilíkanið MM5 var sett upp til daglegra keyrslna og hófust þær 30. mars 2004. Reiknað var á tölvueykinu Sleggjunni tvisvar á sólarhring, frá greiningu á miðnætti og hádegi. Að auki var reiknað fyrir Faxaflóa með 3 km möskvum. Greining og jaðarskilyrði bárust (og berast enn) um 6 klst. eftir greiningartíma og er spáreikningum 48 klst. fram í tímann á 9 km neti og eftirvinnslu lokið um 90 mínútum síðar (miðað við árslok 2005). Reiknigagnaúttak er fært inn í IDL forritunarumhverfið og spákort og spárit teiknuð og sett beint á vef (<http://www.belgingur.is>). Greint er frá atriðum er varða uppsetningu reikninga í skjölum með erindum Haraldar Ólafssonar, Hálfðans Ágústssonar og Ólafs Rögnvaldssonar á Fræðagingum FÍV í september 2004 og október 2005 (sjá viðauka).

Gerð voru forrit til að setja fram reiknigögn. Um var að ræða kort fyrir vind, hita og úrkomu fyrir mismunandi landsvæði sem og hitarit og spárit fyrir mismunandi staði. Voru þessi forrit gerð í IDL umhverfinu og byggja á tæki sem þegar hafði verið gert til að færa úttaksgögn frá MM5 í IDL. Segir nánar frá því í greinargerð Einars Magnúsar Einarssonar (sjá viðauka).

Í ágúst 2004 hófust keyrslur fjórum sinnum á dag. Notast var við greiningu kl. 0, 6, 12 og 18. Á sama tíma var keyrslum í 3 km neti fyrir Faxaflóa hætt, en það gerðist í kjölfar þess að hluti Sleggjunnar eyðilagðist.

Í ársbyrjun 2005 voru 9 km keyrslurnar færðar af Sleggjuni á tölvueykið Snjólf. Eftirvinnsla var þó eftir sem áður á Sleggjuni. Á sama tíma var reikniflötum fjölgað úr 23 í 40. Í tengslum við breytingu á lóðréttri upplausn var vindur fyrir spákort við yfirborð tekinn af næstneðsta líkanfleti ( $k=38$ ).

Vandamál við daglegar keyrslur hafa verið lítil. Þegar ekki hefur verið um að ræða breytingar á kerfinu sjálfu hafa truflanir einkum tengst röskun á gagnastreymi eða sambandi milli tölva vegna öryggismála. Örlítið hefur verið um truflanir vegna rafmagnsleysis. Töluverðar tafir urðu á yfirfærslu á nýja vél vegna framkvæmda við Orkugarð, þar sem tölvueykin eru vistuð.

Sett hefur verið upp sjálfvirkt viðvörðunarkerfi til vöktunar daglegu reikninganna.

### 3. Sérstök rannsóknaverkefni (könnun á tilteknum veðrum og gæðamat)

Töluverður fjöldi veðra var skoðaður, m.a. með tilliti til hvernig niðurstöðum úr HRAS-kerfinu bæri saman við beinar eða óbeinar mælingar á veðri.

Vindur og kvika

Vindamynstur sem skapast af landslagi sem kemur fram í 9 km möskvum skilar sér almennt með trúverðugum hætti og langoftast í samræmi við athuganir. Vindhraði í 10 m hæð er kerfisbundið vanmetinn, einkum í óveðrum og er meðalvindhraði í næstneðsta líkanfleti (38) nær mældum vindi en vindur sem er reiknaður í 10 m hæð [2,3].

Staðbundnir vindstrengir á borð við suðvestanátt og norðaustanátt við SA-Ströndina, suðaustanátt við SV-ströndina, norðanátt á Suðurlandi og Suðvesturmiðum og sunnanátt austur af landinu koma vel fram, en veður af fjöllum á borð við óveður á Snæfellsnesi, Kjalarnesi og undir Hafnarfjalli koma ekki vel fram í 9 km möskvum. Slík óveður eru á hinn bóginn greinanleg, en vanmetin í reikningum í 3 km neti. Vindamynstur inni í þröngum fjörðum eins og Austfjörðum og víða á Vestfjörðum koma hvorki fram í 3 km né 9 km neti, en sé farið niður í 1 km eða enn meiri upplausn má greina mynstur sem er í grófum dráttum í samræmi við mælingar að svo miklu leyti sem þær eru til staðar [1,2,3,7,12,15]

Kvika kemur skýrt fram í reikningunum þar sem hennar er einkum von, þ.e. í bylgjubrotum og í grennd við yfirborð jarðar. Lítið er um beinar mælingar á kviku, en óbeinar mælingar (hviðumælingar) eru í grófum dráttum í samræmi við líkanreikningana í þeim veðrum sem skoðuð hafa verið, þ.e.a.s. þar sem hviðótt er greinir líkanið kviku [1,3,7,10,11]

Úrkoma og ísing

Skoðuð hafa verið tilvik með mikilli úrkomu á Suðvestur- og Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi. Í öllum tilvikum er úrkoma mjög breytileg í rúmi og margfalt meiri við fjöll en á sléttlendi. Reikningar í 9 km neti vanmeta að jafnaði úrkomumagn í fjöllum, en það virðist fyrst og fremst eiga við þar sem fjöllin koma ekki skýrt fram í reikninetinu. Í 3 km neti er úrkoma ekki mjög fjarri því að vera rétt þegar borið er saman við beinar mælingar og afrennsli af stóru svæði, en í þessu samhengi telst skekkja upp á 20-30% vera harla góður árangur. Svo virðist sem úrkoma hlémegin fjalla á lengdarkvarðanum 10 km sé vanmetin í reikningunum. Skúrir að sumarlagi koma áberandi betur út í HRAS-kerfinu en ef reynt er að spá með vísun sem byggjast á stöðugleika lofts og raka. Fyrir kemur að úrkoma myndi belti í 3 km neti og eru ekki ljósar vísbendingar um að svo sé í raunveruleikanum [5,6,12,13,14,15,16,17 og Guðmundur Hafsteinsson, 2004]

Skýjaísing þar sem skil fóru yfir fjallendi kom afar vel fram í hárrí upplausn (3 km og 1 km) [4] og staðbundnar aðstæður til slydduísingar við jörð komu allvel fram í 3 km neti [Ólafsson og Eliasson, 2005 a og b]

Híti

Híta í 2 metra hæð yfir jörðu er almennt allvel spáð og nokkru betur í 9 km möskvum en í 27 km möskvum. Kerfisbundnar skekkjur virðast þó vera sumsstaðar, s.s. á austanverðu hálendinu að sumarlagi (of kalt í

HRASi). Skoðun á hitaskekki bendir til þess að þær megi a.m.k. að hluta rekja til rangrar skilgreiningar á yfirborði jarðar, en einnig eru vísbendingar um skekkjur í hitaspám þar sem hitahvörf eru nálægt jörðu. Ekki er óalgengt að mestu kuldar í hægviðri á veturnum séu vanmetnir og vísbendingar eru um að hiti til landsins í hlákum að vetrarlagi sé vanmetinn. Hitaskekki getur vitaskuld orðið töluverð þar sem landslag er ekki leyst upp í líkaninu eða þar sem hitastigull er mikill eins og orðið getur við ströndina í hægum vindi. [9, Guðmundur Hafsteinsson, 2004 og Peio Berge, 2005 og erindi Haraldar Ólafssonar á þingi FÍV 2005, sjá viðauka]

### Óveður

Ýmis óveður hafa verið skoðuð sérstaklega og má þar nefna rok á Austfjörðum, Vestfjörðum, Vesturlandi, Suður- og Suðausturlandi og Í Öræfasveit. Í meginatriðum kemur vindamynstrið í óveðrunum fram, svo fremi að landslagið komi fram í líkaninu, en svo er alls ekki alltaf í 3 km neti.

Yfirlit yfir helstu veður eða tímabil sem tekin hafa verið til sérstakrar skoðunar og ritað hefur verið um er í meðfylgjandi töflu. Veðrin/tímabilin eru auðkennd með tilvísunarnúmeri sem er á undan dagsetningu í fyrsta dálki.

#### Veður/tímabil

Dagar	Landshl.	Veður	Helstu viðföng	Helstu tilvísanir
1. 16.9.2004	SA-land	Hvasst og hviðótt	Bylgjur og kvika	Ágústsson og Ólafsson, 2005: The Freysnes windstorm
2. 1.-2.02.2002	Vestf.	Hvasst	Möskvastærðir	Ágústsson og Ólafsson, 2005: Sensitivity of simul. winds upst. of a mount. to horiz. resol.
3. 1.-2.02.2002	Vestf.	Hvasst	Stikun kviku o.fl.	Ágústsson og Ólafsson, 2004: High-resol. simul. of windstorms in the complex terrain of Iceland
4. 15.12.2000	V-land	Ísing	Möskvaskilyrði	Ubelmann, Ólafsson & Hafsteinsson, 2005: A frontal-orographic severe icing event
5. 7.-12.01.2002	S-land	Mikil úrkoma	Úrkomudreifing/afrennsli	Tómasson, Rögnvaldsson og Ólafsson, 2005: Meteorol. & hydrol. mod. of an extreme precip. event in S-Iceland
6. 15.10- 07.12.2002	N-land	Ýmis konar veður	Úrkoma til fjalla	Halkola, Gjessing og Ólafsson, 2005: The mass balance of a small glacier in N-Iceland
7. 23-26.3.2005	SV-land	Umhleytingar	Misvindi/hviður	Ágústsson og Ólafsson, 2005: Wind forecasting in Iceland with the method of Brasseur
8. 17.- 18.02.2003	A-land	Hvasst	Vindamynstur og bylgjur	Ágústsson og Ólafsson, 2004: Temp. oscill. of press. and wsp. in a windstorm o. complex terrain.
9. 11.-12.8.2004	S-land	Hitabylgja	Hiti og fallvindar	Ágústsson, Cuxart, Mira og Ólafsson, 2005: Obs. and simul. of Katabatic Flow during a Heatwave in Iceland
10. 13.-14.1.2005	SV-land	Hvasst	Orkumynstur	Árnason, Ágústsson og Ólafsson, 2005: Temporal oscillations in downslope windstorms
11. 2.2.2005	V-land	Hvasst	Orkumynstur	Árnason, Ágústsson og Ólafsson, 2005: Temporal oscillations in downslope windstorms
12. 20.- 24.01.1978	A-land	Hvasst/mikil úrkoma	Vinda og úrkomumynstur	Rögnvaldsson, Ólafsson og Ágústsson, 2005: Simulations of winds and precipitation events in complex terrain

13. 3.-7.11.2002	A-land	Hvasst/mikil úrkoma	Vinda og úrkomumynstur	Rögnvaldsson, Ólafsson og Ágústsson, 2005: Simulations of winds and precipitation events in complex terrain
14. 10.1.2002	SA-land	Mikil rigning	Aftakaúrkoma/úrkomudreifing	Jónsson og Ólafsson, 2005: Obs. and simul. of an extreme precip. event in Iceland
15. 5.10.2004	S- & SA-land	Hvasst	Vindstrengir, kjölsog og bylgjur	Ólafsson, 2005: Multi-scale orogr. forcing of the atmosph. during an erosion event
16. Tólf sumur	S-land	Ýmis konar veður	Sumarúrkoma/úrkomuvisar	Arason, Rögnvaldsson og Ólafsson, 2004: Predicting summertime rain in S-Iceland.
17. Haust 2002	SV-land	Rigningar	Úrkomudreifing, möskvar o.fl.	Rögnvaldsson, Bao og Ólafsson, 2004: High-resol. Simul. of precip. during the Reykjanes experiment (REX)

1. tafla. Veður sem tekin hafa verið til sérstakrar athugunar í HRAS-verkefninu

## 4. Kynning

HRAS-verkefnið hefur verið kynnt með erindum, veggspjöldum og ritum og á það einnig við um niðurstöður úr undirverkefnum HRASins. Í viðauka hér á eftir er leitast við að greina frá sem flestu er lýtur að kynningu verkefnisins, en þó eru ekki tilgreindar fréttir eða viðtöl í fjölmiðlum. Núverandi heimasíða HRAS-verkefnisins er <http://www.vedur.is/~haraldur/hras.html>. Leitast er við að hafa þar sem flestar ritgerðir, erindi og veggspjöld sem tengjast HRASinu með beinum eða óbeinum hætti.

## 5. Lokaorð

Ljóst er að reikningar á veðurspám í neti með þetta möskva er afar fýsilegur kostur til að bæta veðurspár fyrir Ísland, háloftin yfir Íslandi og Íslandsmið. Keyrslur í 9 km víðu neti hafa gengið nánast snurðulaust og skila trúverðugum niðurstöðum sem eru í megindráttum í harla góðu samræmi við raunveruleikann. Sama má í meginatriðum segja um keyrslur í 3 km víðu neti.

Allnokkur hliðarverkefni af þeim sem hrundið hefur verið af stað innan HRAS verkefnisins eru enn í gangi og munu þau halda áfram eftir sem áður þó HRAS verkefninu sé formlega lokið. Á þetta ekki síst við um ritun og frágang greina fyrir útgáfu í vísindaritum. Í kjölfar samnings milli Reiknistofu í veðurfræði og Veðurstofunnar hófust þann 1. febrúar 2006 keyrslur í 3 km neti fjórum sinnum á dag 36 klst. fram í tímann og eru þær til viðbótar keyrslum í neti með 9 km möskvum 72 klst. fram í tímann. Má reikna með því að keyrslur á 3 km neti skili betri spám en keyrslur á 9 km neti hvað varðar vind, hita og úrkomu í grennd við fjöll, en ljóst er að í þröngum fjörðum og við brött fjöll verður þörf á enn þéttara reiknineti. Rétt væri að stefna að slíkum reikningum um leið og tölvuafli verður til staðar.

Við framtíðarþróun HRAS-kerfisins er að ýmsu að hyggja. Mikilvægt er að hafa ávallt sem nýjust gögn á jaðri spásvæðisins, að þau gögn séu í þéttu neti og uppfærð oft. Hér er svigrúm til bóta, en það er sem stendur háð Evrópsku veðurstofunni. Nauðsynlegt er að afla mjög tíðra mælinga á vindi og úrkomu í sem allra þéttustu neti til að sannreyna reikningana og þróa aðferðir við að herma breytileika í úrkomu og vindi enn betur en nú er gert, einkum breytileika vinds í tíma (hviður). Koma þarf upp kerfisbundnu eftirliti með daglegum reikningum og við gerð þess þarf að hafa í huga að niðurstöður geti orðið til leiðbeiningar bæði við túlkun og þróun spákerfisins. Þá þarf að huga að spám á fleiri veðurþáttum en vindi, hita og úrkomu, s.s. skýjum og raka. Eins benda niðurstöður til þess að ástæða sé til að endurskoða skilgreiningu á yfirborðsgerð jarðar.

## VIÐAUKI A

### Rit, veggspjöld og erindi með niðurstöðum sem tengjast HRAS-verkefninu janúar-júní 2005:

#### Rit

Hálf dán Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Wind gust forecasting in Iceland with the method of Brasseur, Ráðstefnurit Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 508-511.

Hálf dán Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: The Freysnes windstorm. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 517-520.

Hálf dán Ágústsson, Joan Cuxart, Toni Mira and Haraldur Ólafsson, 2005: Observations and Simulations of Katabatic Flows during a Heatwave in Iceland: . Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 521-524.

Sigvaldi Árnason, Hálf dán Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Temporal oscillations in downslope windstorms. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 550-553.

Gunnar G. Tómasson, Haraldur Ólafsson & Ólafur Rögnvaldsson, 2005: Meteorological and Hydrological Modeling of an Extreme Precipitation Event in Iceland. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 558-559.

Haraldur Ólafsson, 2005: Multi-scale orographic forcing of the atmosphere leading to an erosion event. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 570-573.

Hálf dán Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Sensitivity of simulated winds upstream of mountains to horizontal resolution. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 574-578.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Numerical Simulations of the Climatology of Winds in the Complex Terrain of Iceland. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 691-694.

Ólafur Rögnvaldsson, Haraldur Ólafsson & Hálf dán Ágústsson, 2005: Applications of numerical simulations to investigate snow accumulation for the estimation of avalanche risk in mountainous terrain. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 701-704.

Trausti Jónsson & Haraldur Ólafsson, 2005: The Kvísker 2002 Precipitation Record. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 705-708.

Haraldur Ólafsson, 2005: Surface roughness and local winds. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 709-712.

Hálf dán Ágústsson og Haraldur Ólafsson, 2005: Wind Gust forecasting in MM5. Þing MM5/WRF, Boulder, BNA, 27.-30 júní 2005. 4 s.

Ólafur Rögnvaldsson, Örnólfur Rögnvaldsson og Hálf dán Ágústsson, 2005: MM5IDL: A flexible framework for post-processing MM5 data. 4 s.

Peio Berge ofl., 2005: Validation of simulations with the MM5 model: Ófullgerð greinargerð.

Guðmundur Hafsteinsson: Minnisblað um meðferð HRAS kerfisins á hitabylgjunni 2004.

## **Önnur rit (úr verkefnum sem eru skyld HRASi)**

Ragnhild Bieltvedt Skeie, Jón Egill Kristjánsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Dynamical processes related to cyclone development near Greenland. Ráðstefnurit Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 512-515.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: The response of precipitation to orography in simulations of future climate. . Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 526-529.

Þórður Arason and Haraldur Ólafsson, 2005: Statistics of forecast errors and orography: Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 530-533.

Þórður Arason and Haraldur Ólafsson, 2005: Cases of large forecast errors in Iceland. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 534-537.

Trausti Jónsson and Haraldur Ólafsson, 2005: Observations of Stratospheric Clouds and Their Connection with Conditions for Vertical Propagation of Mountain Waves. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 538-541.

Haraldur Ólafsson, 2005: The Heat Source of the Foehn. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 542-545.

Trausti Jónsson & Haraldur Ólafsson: Northerly Windstorms in Iceland. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 554-557.

Haraldur Ólafsson, Einar Magnús Einarsson, Jón Egill Kristjánsson & Guðrún Nina Petersen, 2005: The Greenland Lee-Low and a Forecast Error of the 8 January Denmark Windstorm. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s 562-565.

Ragnhild Bieldvedt Skeie, Jón Egill Kristjánsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Impact of the Scandinavian Mountains on a High-Impact Cyclone in August 2003: Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 566-569.

Ríkhartur Friðrik Friðriksson & Haraldur Ólafsson, 2005: Estimating errors in wintertime precipitation observations by comparison with snow observations. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 695-697.

Kaisa Halkola, Haraldur Ólafsson & Yngvar Gjessing, 2005: The mass balance of a small glacier in N-Iceland. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 698-700.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Orographic impact on the predicted change in the frequency of conditions for wet snow icing in future climate. Rit Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), Croatian Meteorol. Journ., (40) s. 713-716.

## Veggspjöld með niðurstöðum úr HRAS-verkefninu

H. Ágústsson, J. Cuxart, A. Mira & H. Ólafsson: Observations and Simulations of Katabatic Flow during a Heatwave in Iceland, 2005: Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, Ó. Rögnvaldsson & H. Ágústsson, 2005: Assessment of local avalanche risk by high-resolution atmospheric simulations of a set of extreme weather events in E-Iceland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, 2005: Four-dimensional structure of gravity waves in a windstorm. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ágústsson & H. Ólafsson. 2005: Sensitivity of local windstorms to terrain shape. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & H. Ágústsson, 2005: A downslope windstorm in SE-Iceland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, C. Ubelmann & G. Hafsteinsson, 2005: Observations and simulations of a severe atmospheric icing event. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & A. J. Elíasson, 2005a: Wet snow icing upstream of mountains. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & A. J. Elíasson, 2005b: Wet snow icing downstream of mountains. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & Ó. Rögnvaldsson, 2005a: Estimation of the risk of wet snow icing of structures in dynamic downscaling of future climate scenarii. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & Ó. Rögnvaldsson 2005b: The M-curve of orographic precipitation and its application for estimating precipitation in the mountains. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & H. Ágústsson, 2005: Temporal oscillations in downslope windstorms in the Snaefellsnes Experiment (SNEX). Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, 2005: The role of orographic forcing of the atmosphere in an erosion event. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

Hálfván Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005a: Wind gust forecasting in Iceland with the method of Brasseur, Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Hálfván Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005b: The Freysnes windstorm. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Hálfván Ágústsson, Joan Cuxart, Toni Mira and Haraldur Ólafsson, 2005: Observations and Simulations of Katabatic Flows during a Heatwave in Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Gunnar G. Tómasson, Haraldur Ólafsson & Ólafur Rögnvaldsson, 2005: Meteorological and Hydrological Modeling of an Extreme Precipitation Event in Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.



Haraldur Ólafsson, 2005: Multi-scale orographic forcing of the atmosphere leading to an erosion event. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Hálfván Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Sensitivity of simulated winds upstream of mountains to horizontal resolution. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ólafur Rögnvaldsson, Haraldur Ólafsson & Hálfván Ágústsson, 2005: Applications of numerical simulations to investigate snow accumulation for the estimation of avalanche risk in mountainous terrain. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Clement Ubelmann, Haraldur Ólafsson & Guðmundur Hafsteinsson, 2005: A frontal-orographic severe atmospheric icing event. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Use of the M-curve of orographic precipitation. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Precipitation downstream of a mesoscale mountain range and the vertical profile of wind and stability. Results from the REX experiment. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Árni Jón Elíasson & Haraldur Ólafsson, 2005: Orographic blocking and atmospheric icing of structures. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Árni Jón Elíasson & Haraldur Ólafsson, 2005: Mountain waves and atmospheric icing of structures. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

## **Önnur veggspjöld (veggspjöld verkefna sem tengjast HRAS-verkefninu)**

Trausti Jónsson & Haraldur Ólafsson, 2005: The Kvísker 2002 Precipitation Record. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ó. Rögnvaldsson & H. Ólafsson, 2005: Predictions of regional precipitation change in Iceland by dynamic downscaling from global simulations. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

K. Halkola, H. Ólafsson & Y. Gjessing, 2005: Observations and modeling of meteorological factors affecting small glaciers in N-Iceland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, 2005: Conditions leading to downslope windstorms observed in the Snaefellsnes experiment (SNEX). Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, 2005: A diagramme for orographic winds and high-resolution atmospheric simulations in real-time. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

A. Dörnbrack, R. Busen, S. Rahm, O. Reitebuch, M. Simmet, M. Weissmann & H. Ólafsson, 2005: Lidar-observations and high-resolution simulations of low-level jets to the east of S-Greenland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson and T. Jónsson, 2005: Greenland, the sea-ice and northerly windstorms in Iceland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & R. F. Friðriksson, 2005: Mapping precipitation in a windy and snowy climate by precipitation corrections based on snow observations. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & Ó. Rögnvaldsson, 2005: Precipitation downstream of a mesoscale mountain range – results from the Reykjanes Experiment (REX). Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

R. B. Skeie, J. E. Kristjánsson & H. Ólafsson, 2005: Impact of latent heat, SST and orography on a high-impact cyclone moving over Scandinavia. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson, E. M. Einarsson, J. E. Kristjánsson & G. N. Petersen, 2005: Errors in medium-range forecasts of the 8 January 2005 windstorm. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

R. B. Skeie, J.E. Kristjánsson & H. Ólafsson, 2005: Dynamical processes related to cyclone evolution near Greenland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

Þ. Arason & H. Ólafsson, 2005: Analysis of forecast errors in a NWP model. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

Ragnhild Bieltvedt Skeie, Jón Egill Kristjánsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Dynamical processes related to cyclone development near Greenland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: The response of precipitation to orography in simulations of future climate. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Þórður Arason and Haraldur Ólafsson, 2005: Statistics of forecast errors and orography: Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Þórður Arason and Haraldur Ólafsson, 2005: Cases of large forecast errors in Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Trausti Jónsson and Haraldur Ólafsson, 2005: Observations of Stratospheric Clouds and Their Connection with Conditions for Vertical Propagation of Mountain Waves. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Haraldur Ólafsson, 2005: The Heat Source of the Foehn. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Sigvaldi Árnason, Hálfán Ágústsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Temporal oscillations in downslope windstorms. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Trausti Jónsson & Haraldur Ólafsson: Northerly Windstorms in Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Haraldur Ólafsson, Einar Magnús Einarsson, Jón Egill Kristjánsson & Guðrún Nína Petersen, 2005: The Greenland Lee-Low and a Forecast Error of the 8 January Denmark Windstorm. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ragnhild Bieltvedt Skeie, Jón Egill Kristjánsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Impact of the Scandinavian Mountains on a High-Impact Cyclone in August 2003: Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR. .

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Numerical Simulations of the Climatology of Winds in the Complex Terrain of Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ríkharður Friðrik Friðriksson & Haraldur Ólafsson, 2005: Estimating errors in wintertime precipitation observations by comparison with snow observations. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Kaisa Halkola, Haraldur Ólafsson & Yngvar Gjessing, 2005: The mass balance of a small glacier in N-Iceland. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Haraldur Ólafsson, 2005: Surface roughness and local winds. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

Ólafur Rögnvaldsson & Haraldur Ólafsson, 2005: Orographic impact on the predicted change in the frequency of conditions for wet snow icing in future climate. Int. Conf. Alpine Meteorol. (ICAM), 23.-27. maí 2005, Zadar, HR.

## **Erindi á alþjóðlegum fundum og ráðstefnum:**

### **HRAS-Erindi**

H. Ólafsson, H. Ágústsson, Ó. Rögnvaldsson, E. M. Einarsson, G. N. Petersen & J. E. Kristjánsson: Forecasting terrain-induced disturbances in atmospheric flow. ICAM (Int. Conf. Alpine Meteorol.), Zadar, HR, maí 2005 (inngangserindi flutt af HÓ).

H. Ágústsson & H. Ólafsson, 2005: Wind gust forecasting in Iceland with the method of Brasseur. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & T. Jónsson, 2005: Simulations of extreme precipitation in Iceland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

Hálf dán Ágústsson og Haraldur Ólafsson, 2005: Wind Gust forecasting in MM5. Þing MM5/WRF, Boulder, BNA, 27.-30 júní 2005 (HÁ flutti).

### **Erindi sem tengjast HRASi**

T. Jónsson & H. Ólafsson, 2005: Observations of Polar Stratospheric Clouds over Iceland and their connection with the tropospheric winds and stability. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

A. Dörnbrack, R. Busen, S. Rahm, O. Reitebuch, R. Simmet, M. Weissmann & H. Ólafsson, 2005: Lidar-observations and high-resolution simulations of low-level jets to the east of S-Greenland. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & Ó. Rögnvaldsson, 2005: Mapping the wind climate in complex terrain using results of real-time high-resolution numerical simulations. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005. (ÓR flutti).

H. Ólafsson, 2005: Local orographic winds and surface roughness. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

H. Ólafsson & Þ. Arason, 2005: The greatest forecast failures by a NWP model. Ársþing Evrópsku jarðvísindasamtakanna (EGU), Vínarborg 24.-29. Apríl 2005.

Simulations of Weather and Climate. Jöklahópur verkefnisins Climate and Energy, Reykjavík, 7. febrúar 2005. HÓ flutti.

## **Erindi á innlendum fræðaðingum og hjá fræðafélögum með beina eða óbeina tengingu við HRAS**

2 fræðaðing FÍV 7.-8 apríl 2005:

Hjalti Sigurjónsson: Evaluation of precipitation calculated by MM5 on the Þjórsá and Tungnaá basins  
Ólafur Rögnvaldsson: Mapping of the climatology of winds in Iceland  
Haraldur Ólafsson: The heat source of the föhn  
Ólafur Rögnvaldsson: Much ado about nothing . precipitation in future climate

Lítill ráðstefna um veður og orku, Orkustofnun: 27, janúar 2005:

Úrkomukort af Íslandi (ÓR)

Svæðisbundin úrkomukort í hárrí upplausn (ÓR)

Framtíðarsviðsmyndir í þéttu neti (HÓ)

Einstakir veðuratburðir (HÓ)

Samband vinds og úrkomustiguls (HÓ)

Hugbúnaður í tengslum við úrkomureikninga (ÓR)

Skvettta - hugbúnaður (Hrafnkell Pálsson)

Notkun á MM5 gagna í líkan af Þjórsársvæðinu og næstu verkefni (Vatnaskil, 20 mín).

Framtíðarverk I: Mælingar, úrkomuleiðréttingar og rauntímareikningar (HÓ)

Framtíðarverk II: Reiknaðar tímaraðir, svæðisbundin úrkomukort og framtíðarsviðsmyndir (CE, BCM-Arpege/Aladin) (ÓR)

